



# Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

30. tölublað 4. árgangur febrúar 2015 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

## Vissir þú að....

Hákarlategund við Grænland borðar ísbirni?

## Vísur í febrúar á Kötlukoti.

### Fjalla um Yy og Ýý.

Endilega skoðið vel þessar vísur og ræðum saman um þessa skemmtilegu stafi og hljóðin þeirra.

Syngja eða sýngja!

## Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970

Skólustjóri 460-4971

Kötlukot 460-4973

Félagsheimili 460-4979



## Samskiptaboðorðin

**Horfa** (augnsamband)

**Heilsa** (einlægur áhugi)

**Hlusta** (veita athygli)

**Hljóma** (jákvæður raddblær)

**Hrósa** (hvetja)

**Hjálpa** (vera til staðar)



## Kæra skólasamfélag

Þorinn mættur með öllum sínum súrmat sem við munum auðvitað gæða okkur á og fræðast um gamla tíð. Framundan er fullt af alls konar skemmtilegum uppákomum, bollu- og saltkjötsát, öskudagur, vetrarfrí, Dagur leikskólans ofl. endilega komdu í heimsókn þegar þér hentar!

Kveðja frá skólustjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

## Stóra upplestrarhátíðin í 7. bekk

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þetta á ekki síst við um lokahátíð keppinnar.

Forkeppni Árskógar skóla fer fram miðvikudaginn 25. febrúar kl. 12:10 þar sem dómnefnd velur einn fulltrúa. Allir nemendur 7. bekkjar skólans taka þátt og æfa sig þannig hver á sinn hátt.

Lokakeppnin verður í Tjarnarborg í Ólafsfirði fimmtudaginn 5. mars kl. 14<sup>00</sup>.



## Stærðfræði í 1.-7. bekk

Frá og með mánudeginum 9. febrúar verður breyting á stærðfræðikennslufyrirkomulagi í 1.-7. bekk alla mánudaga til vors. Breytingin felur í sér að Dagrún, Helga og Gunnþór sameina krafta sína, skipuleggja kennsluna saman, skipta í hópa og með sér verkum. Þau þrjú mynda sem sagt teymi um kennsluna til reynslu enda erum við skóli sem sífellt er í þróun og lærir af reynslunni. Markmiðið er að ná betur utan um nám og kennslu hvers nemanda, að geta skipt í hópa þar sem allir njóta sín á eigin forsendum og nýta fleiri rými inni sem úti með áherslu á fjölbreyttar kennsluáferðir. 1,2,3,4,5,6,7,8,9.



## Taupokar?

Við í Árskógarsskóla erum enn á fullu að reyna að viðhalda *Grænfánum* okkar og þurfum að vera dugleg að finna nýjar og skemmtilegar hugmyndir til að viðhalda þessu mikilvæga verkefni. Jafnframt er mikilvægt að viðhalda því sem áður hefur verið gert. Eitt af þeim verkefnum sem við komum á var að foreldrar myndu fá óhrein föt með sér heim í *taupoka* og skila síðan aftur í skólann. Því miður eru allir pokarnir okkar komnir á flakk og viljum við því biðja ykkur kæru foreldrar að athuga hvort slíkur poki sé nokkuð heima hjá ykkur. Takk takk



## Veikindi-Kötlukot

Nú þegar flensan er aðeins farin að stinga sér niður viljum við minna foreldra á að hringja og láta vita ef barn kemur ekki vegna veikinda.

Því miður getum við ekki alltaf orðið við því að börn séu inni eftir veikindi en ef foreldrar óska þess er um að gera að hringja til okkar í upphafi morguns og athuga stöðuna.



## Dagur leikskólans 6. febrúar

Föstudaginn 6. febrúar verður *Dagur leikskólans* haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslensku leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín.

Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.

Við bjóðum ykkur öllum sérstaklega í heimsókn þennan dag í Árskógarsskóla kl. 12:30 þar sem deginum verður fagnað.



## Opnunartími og skóladagatal

Árskógarsskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2014-2015](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



náms**A**hugi-þ**R**autseigja-**S**amvinna-lei**K**ur-útisk**O**li-**G**leði-**U**mhyggja-vi**R**öðing



# Viðburðadagatal febrúar 2015

Mánudagur    Þriðjudagur    Miðvikudagur    Fimmtudagur    Föstudagur    **Laugardagur**    **Sunnudagur**

 <p>Muna að lesa heima!</p>						1
<p>2</p> <p><b>Skipulagsdagur</b></p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p>	3	4	5	6	7	8
				<p>Dagur leikskólans.</p> <p>Opið hús 12:30!</p> <p>Pétur Jökull 5 ára</p> 		
9	10	11	12	13	14	15
		<p>Náttfatadagur</p> <p><b>ALLIR</b> í náttföt</p> 				
16	17	18	19	20	21	22
<p>Bolludagur</p>  <p>Félagsmiðstöð í skóla 16:30</p>	<p>Sprengidagur</p> 	<p>Öskudagur</p> <p>Skóli lokar 12:15</p> 	<p>Vetrarfrí</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p>	<p>Vetrarfrí</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p> <p>LOKAÐ</p>		
23	24	25	26	27	28	
<p>Matsmöppur grsk heim</p> <p>Sindri 10 ára</p> 		<p>Upplestrarhátíð Bókasafn kl. 12:10</p> 		<p>Elvý Inga 6 ára</p> 		